

Dags eftirlits	21.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hilmarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Ein ábending var gerð en hún snýr umsókn um nýtt starfsleyfi ef fyrirhugað er að halda rekstri búans áfram eftir september á næsta ári.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í þaueldi Reykjagarðs að Ásmundarstöðum. Fulltrúar rekstraraðila voru Magnús Huldar Ingþórsson og Jóhanna Hilmarsdóttir en Gottskálk Friðgeirsson mætti frá Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlandssvæðis, 23. september 2010 og gildir til 2022. Ef fyrirhugað er að halda rekstri áfram þá er nauðsynlegt að hefja umsóknarferli um nýtt starfsleyfi sem fyrst. Eldið samanstendur af stofnbúi með um 23 000 fuglastæði og uppeldisbúi með um 156 800 fuglastæði. Samtals 23 hús undir eldið auk skrifstofu- og þjónustuhúsa.

Boðuð dagskrá:

- Olíumannvirki, olíugeymar á búinu
- Yfirferð á stöðu eldri frávíka og ábendinga
- Helstu kröfur starfsleyfis
- Verklag við förgun sjálfdauda og sýktra dýrahæja
- Besta aðgengilega tækni á búinu
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Tíðni eftirlita og áhættumat 2021
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Umgengni um búið og aðgengi

1. Olíugeymar

Á Ásmundarstöðum eru húsageymar við flest eldishús og eins eru neyslugeymar vegna véla og tækja. Rekstraraðili uppfærið lista yfir olíugeyma á búinu og sendir afrit til Umhverfisstofnunar. Gögnum um olíugeyma verður komið til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem er ábyrgt fyrir skráningu olíugeyma á svæði heilbrigðisnefndar Suðurlandssvæðis.

2. Eldri frávik og ábendingar

Frávik hafa verið skráð vegna þriggja atriða á síðustu árum. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað og engin eftirmál verða vegna þeirra.

Seyru frá búinu hefur verið komið í ágætan farveg. Rekstraraðili hefur metið stöðu búans vegna nýrra krafna í BAT niðurstöðum. Gámar með sýktum eða sjálfdaudum fuglum eru nú merktir með orðnum „Áhættuflokkur 2, óhæft í fóður“. Farsælega hefur verið orðið við öllum eldri kröfum Umhverfisstofnunar.

3. Umhverfiskröfur til þaueldisbúa

Gerðar eru kröfur um að skriflegar áætlanir liggi fyrir hjá rekstraraðila. Farið var yfir áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og áætlun um meðhöndlun og flokkun úrgangs og verða þær rýndar, uppfærðar og afrit send til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir 1. maí í ár. Ekki er krafa um skil á ársyfirliti mælinga og skráninga.

4. Verklag við förgun áhættuflokks 2

Þar sem ekki er heimilt að urða úrgangi í áhættuflokki 2 beint, var farið yfir kröfur um merkingu gáma og upplýsingagjöf til verktaka sem tæma gámana. Öll ílát sem notað eru undir sýkt og sjálfdaud dýr eru merkt í samræmi við kröfur Matvælastofnunar.

5. Mat rekstraraðila á stöðu búans gagnvart BAT niðurstöðum

Áætlun rekstraraðila og staða gagnvart nýjum kröfum sem koma til við innleiðingar á bestu aðgengilegu tækni (BAT niðurstöður) liggur fyrir gagnvart flestum kröfunum sbr. töpvpóst rekstraraðila frá 8. janúar 2021.

- Gagnvart BAT1 (umhverfisstjórnarkerfi) þá verður umhverfisstjórnun samofin gæðakerfi rekstraraðila. Stefnunótun, skráningar, verklagsreglur og viðbragðsáætlanir eru til staðar.
- Gagnvart BAT2 (góðar starfsvenjur í daglegum rekstri) þá er búið vel staðsett á landbúnaðarsvæði, reglum um þjálfun

starfsmanna er fylgt, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa er fylgt, tæki og húsnæði eru yfirfarin á milli allra eldishópa og sjálfdauðir fuglar eru settir í sérstaka merкта gáma.

3. Gagnvart BAT3 (fóðurgjöf og val á fóðri til þess að draga úr losun köfnunarefnis í úrgangi þá ræðst fóðrunarmagn af fóðurbörf á hverjum tíma og notaðar eru viðurkenndar fóðuruþpskriftir.

4. Gagnvart BAT4 (fóðurgjöf og val á fóðri til þess að draga úr losun fosfórs í úrgangi þá ræðst fóðrunarmagn af fóðurbörf á hverjum tíma og notaðar eru viðurkenndar fóðuruþpskriftir.

5. Gagnvart BAT5 (vatnsnotkun) þá er fylgst með henni á mæli á vatnsinntaki, reglulegt eftirlit og viðhald er með tækjum og búnaði og vatnslekar lagaðir. Háþrýstítæki eru notuð við þvott. Notaðir eru vatnsniplar með dropaskálum. Stuðst er við vatnsstuðul í kjúklíngældi.

6. Gagnvart BAT6 (að draga úr myndun skólps) þá er athafnasvæðum haldið hreinum og snyrtilegum, sparlega farið með vatn og regnvatn aðskilið fráveitu.

7. Gagnvart BAT7 (að draga úr losun í vatn) þá er fráveituvatni safnað og meðhöndlað í rotþró í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólps.

8. Gagnvart BAT8 (að nýta orku vel) þá eru hitakerfi og loftræsting að hluta ný og uppfyllir kröfur um orkunýtni. Stýringar að hluta á hita- og loftræstikerfum og hús eru einangruð. Lýsingarkerfi með breytilegum lýsingartímum. Orkusparandi lýsing sett upp við viðhald og endurnýjun, komið að hluta.

9. Gagnvart BAT10 (að draga úr hávaða) þá er staðsetning þannig að hávaði á ekki að hafa áhrif á nágretta eða aðra landnotkun í nánd. Starfsfólk er með reynslu, færíbönd og sniglar fullir af fóðri ef unnt er, hávaðasömum verkum utandyra haldið í lágmarki. Skipt verður í hljóðlátari búnað við endurnýjun.

10. Gagnvart BAT11 (að draga úr losun ryks frá eldihúsum) þá veldur dreifing undirburðar lífelli ryklosun. Notaður er hitameðhöndlaður viðarspærir í 25 kg böggum. Lítið sem ekkert ryk myndast við meðhöndlun. Fóðrun er í lokuðum kerfum og notað kögglað fóður. Rykskiljur eru á fóðursílóum. Sett hefur verið upp lággraða loftræstikerfi þar sem búið er að endurnýja kerfi.

11. Gagnvart BAT13 (að draga úr losun og áhrifum lyktar) þá er staðsetning búans þannig að lykt á ekki að hafa áhrif á nágretta eða aðra landnotkun í nánd. Býlið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Gólf eru upphituð, undirburður er þurr, drykkjarkerfi er með skálum sem grípa leka (fellur því ekki á gólfíð). Hitastig í húsum er lagað að þörfum dýranna.

12. Gagnvart BAT14 (að draga úr losun ammoníaks frá frá geymslu húsdýraáburðar) þá er ekkert haugstæði á Ásmundarstöðum. Móttökuaðili fylgir reglum um góða búskaparhætti. Húsdýraáburður fer í lokaða gáma og fluttur brott.

13. Gagnvart BAT15 (að draga úr losun í jarðveg og vatn frá geymslu húsdýraáburðar) þá er húsdýraáburður á Ásmundarstöðum settur í lokaða gáma sem er ekið burt. Móttökuaðili fylgir reglum um góða búskaparhætti.

14. Gagnvart BAT20 (að draga úr losun köfnunarefnis, fósfórs og sjúkdómsvaldandi örvera) við dreifingu húsdýraáburðar á land) þá taka Landgræðslan og bændur við húsdýraáburðinum, samkvæmt fyrirbyggjandi samningum. Notaðar eru aðferðir til dreifingar sem best hafa reynst fyrir íslenskar aðstæður og farið eftir reglugerð um góða búskaparhætti. Tæki eru yfirfarin reglulega og aðstæður við útmokstur úr húsum þannig að sem minnst dreifist (without spillage). Ef dreifist til dæmis vegna óhagstæðra vinda er hreinsað upp sem fyrst.

15. Gagnvart BAT29 (að vakta eftirfarandi ferilbreytur árlega) þá er haldin skrá um vatnsnotkun, raforkunotkun og eldsneytisnotkun. Skráð er samkvæmt mælum eða upplýsingum frá birgja. Skráningar fara í grænt bókhald. Notað er rekjanleikakerfi fyrir dýr. Upplýsingar um fóðurnotkun eru í bókhaldi. Húsdýraáburður er skráður þegar hann er sendur frá búinu samkvæmt skilgrein frá flutningsaðila.

16. Gagnvart BAT31 (að draga úr losun ammoníaks í andrúmsloft frá stofnhúsum þ.e. varphæsnahúsi o.fl.) þá eru drykkjarkerfi með skálum sem grípa leka (fellur því ekki á gólfíð). Lággraða loftræstikerfi að hluta, þar sem endurnýjun hefur verið. Hiti er í gólfum. Útmokstur er þurr.

17. Gagnvart BAT32 (að draga úr losun ammoníaks í andrúmsloft frá hverju holdakjúklíngahúsi) eru drykkjarkerfi með skálum sem grípa leka (fellur því ekki á gólfíð). Lággraða loftræstikerfi, þar sem endurnýjun hefur verið. Hiti er í gólfum. Útmokstur er þurr.

6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Rætt var um efnanotkun. Lítið magn hættulegra efna er notað á búinu. Helstu efni eru sápur (Kenosan) og sóthreinsiefni (Virocid) sem notuð eru við þrif á milli fuglahópa. Verktaki sér um þau þrif.

7. Tíðni eftirlita og áhættumat 2021

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2020 fékkst út einkunnin 12 og því árleg eftirlit. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en fyrir liggur áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs.

8. Önnur mál

ÁBENDINGAR

Ef fyrirhugað er að halda rekstri áfram þá er nauðsynlegt að hefja umsóknarferli um nýtt starfsleyfi sem fyrst.

Reykjavík, 28.10.2021



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.